

**Nr. 017 / 09 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10*****Skipverji slasast við fall***

*Skipaskr.nr.* 1585  
*Smíðaður:* Akranesi 1981 stál  
*Stærð:* 431,2 brl. 712 bt.  
*Mesta lengd:* 50,85 m *Skráð lengd:* 44,16 m  
*Breidd:* 9 m *Dýpt:* 6,4 m  
*Vél:* Stork Werkspoor 1590 kW, 1986  
*Fjöldi skipverja:* 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 5. febrúar 2009 var Sturlaugur H. Böðvarsson á togveiðum á vesturdjúpi. Veður: A 10 m/s, ölduhæð 3,5 m.

Einn skipverji hafði lokið við að reima aftur pokann og var á leið út af trollþilfarinu þegar annar fótur hans flæktist í netahlíf pokans svo hann féll fram fyrir sig í þilfarið. Við fallið stakkst eitthvað í vinstri handleggs skipverjans og var hann óvinnufær það sem eftir var veiðiferðarinnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að netahlífin var ofin úr nælonþræði og kallast „pólsk netahlíf“;
- að ekki var vitað hvað stakkst í skipverjann en þegar komið var í land skar læknir í liðpokann til að hleypa út blóðvökva.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.